

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 100/2011**

2011/EES/65/07

frá 30. september 2011

**um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og
upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2011 frá 1. júlí 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/166/ESB frá 19. mars 2010 um samræmd skilyrði fyrir notkun tíðnirófs fyrir þráðlausar sendingar til farsímafjarskipta um borð í skipum (MCV-þjónusta) í Evrópusambandinu ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 5czf (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/671/EB) í XI. viðauka við samninginn:

„5czg. **32010 D 0166**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/166/ESB frá 19. mars 2010 um samræmd skilyrði fyrir notkun tíðnirófs fyrir þráðlausar sendingar til farsímafjarskipta um borð í skipum (MCV-þjónusta) í Evrópusambandinu (Stjtið. ESB L 72, 20.3.2010, bls. 38).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2010/166/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. október 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. september 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 262, 6.10.2011, bls. 50, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 54, 6.10.2011, bls. 63.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 72, 20.3.2010, bls. 38.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.